

Skólaráðsfundur í Skóla Ísaks Jónssonar þriðjudaginn 31. janúar 2017 kl 08:40 á kaffistofu skólans.

Mætt: Aðalsteinn Sigurðsson, Gunnhildur Jónsdóttir, Ragnar Jón Ragnarsson, Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þóra Elísabet Kjeld.

1. Samræmd könnunarpróf 2016

Sigríður Anna ræðir um samræmdu prófin og óánægju skólans með þau. Segir frá fundi sem hún og Þóra fóru á hjá Menntamálastofnun. Mikil gagnrýni á að prófið var rafrænt og virkaði ekki sem skyldi. Nemendur fengu ekki að njóta vafans og foreldrar fengu ekki að sjá sjálf prófin eða niðurstöður þeirra. Niðurstöður samræmdra prófa í 4. bekk voru ekki í takt við getu nemenda að mati skólastýru og fengu foreldrar/forráðamenn póst frá skólastýru þar sem var farið yfir þessa þætti.

2. Faglegt starf – Námsmat, nemendakönnun og fleira

Þóra fór yfir vinnuna við námsmatið í Ísaksskóla. Hún sagði frá faglegu starfi í skólanum og fór yfir hvernig námslotur og mat munu birtast foreldrum/forráðamönnum á Mentor. Sigríður Anna fór yfir könnun á líðan nemenda sem Innra mats teymi mun leggja fyrir nemendur í febrúar. Ísaksskóli er ekki að nota Skólapúlsinn en hefur búið til nokkrar kannanir sem henta skólanum vel. Þær eru hluti af gagnabanka sem skólinn er að búa sér til.

3. Breyting á stæði norðan við smiðjuhús, erindi frá Ragnari Jóni (Huma)

Ragnar Jón fór yfir tillögu sína um breytingu á stæði norðan við smiðjuhús. Sjá tillögu í viðhengi. Sigríður Anna og Ragnar Jón ætla að fara á fund hjá borginni og fara yfir tillöguna. Gunnhildur á móti því að fólki sé hvatt til að leggja við Kennaraháskólann. Sjá [hér](#) og [hér](#).

4. Önnur mál

Skólalóðin, hvað er hægt að gera til að bæta hana? Umræður um hvað hægt er að gera. Hugmynd, að fá inn fagaðila sem tekur út hætturnar á skólalóðinni. Sigríður Anna greindi frá því að væri verið að setja upp myndavélar inni í skólanum. Þær eru staðsettar í opnum rýmum og hugsaðar sem þjófavörn. Þegar búið verður að tengja mun Sigríður Anna kynna það öllum sem koma að skólanum; foreldrum/forráðamönnum, nemendum og starfsfólki.

10:00, fundi slitið.